

58. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um að veita megi Sveini Skúlasyni, kand. philos., brauð.

1865.

8. ágúst.

Með bréfi yðar, herra stiptamtmaður, og yðar, háæruverðugi herra, dagsettu 27. maímán. þ. á., hafa kirkju- og kennslustjórninni borizt ítarlegri skýrslur útaf bænarskrá frá Sveini Skúlasyni, kand. philos., er þér áður höfðuð sent hingað, um að hann megi verða aðnjótandi þeirra kennimannlegu réttinda, er þeir, sem útskrifaðir voru úr Bessastaða skóla, eða tekið höfðu próf í heimspeki við háskólann, höfðu áður en prestaskólinn í Reykjavík var stofnaður. Stjórnarráðið hefir síðan borið málið upp fyrir hans hátign konunginum, og hefir honum allramildilegast þóknast 2. þ. m. að úrskurða, að ákvörðunin í konungsúrskurði 24. maímán. 1847 staflíð „f“ skuli ekki vera því til fyrirstöðu, að Sveini Skúlasyni, kand. phil., er fyr er um getið, verði veitt brauð á Íslandi.

Þetta er yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, hærmeð til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það þeim, sem hlut á að máli.

59. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um aukaútsvar búandi manns í Reykjavík.

16. ágúst.

Með bréfi dagsettu 29. maímán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, sent hingað bænarskrá með fylgiskjali frá Jörgensen gestgjafa í Reykjavík, um lækkun á aukaútsvari því, er lagt hefir verið á hann árið sem leið, og hafið þér skotið máli þessu til úrskurðar stjórnarráðsins.

En þareð álíta má víst, að dómsmálastjórnin hafi ekki úrskurðarvald í þesskonar málum, með því að ákveðið er í 21. grein í tilskipun 27. nóvembermán. 1846, að umkvartanir yfir niðurjöfnun gjalda kaupstaðarins eigi að bera undir úrskurð amtmanns, og ástæðurnar fyrir grein þessari bera með sèr, að svo hefir verið til ætlazt, að önnur regla gildi um þetta atriði